



FRÍSTUND

GRUNNSKÓLAR HAFNARFJARÐAR
TILLAGA STARFSHÓPS UM BREYTINGAR Á STARFSKRÁ
OG SAMÞYKKT UM FRÍSTUNDAHEIMILI
2015

Hafnarfjarðarbær

Leiðarljós

Nemendum grunnskóla standi til boða frístundastarf þar sem umgjörðin er fagleg og áhersla lögð á uppbyggileg verkefni og samþættingu við skipulegar æfingar íþróttafélaga, tónlistarnám og annað tómstundastarf barna eftir því sem kostur er.

- **Grunngildi:**
 - **Ábyrgð**
 - **Jafnræði**
 - **Umhyggja**
 - **Forvarnir**

Samþætting

Frítími barna og fullorðinna er dýrmaður og í vaxandi mæli er það krafa foreldra að starfsdagur barna verði samfelldari og enn fremur að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum.

Skipulag

- Starfsemi frístundaheimila skal miðast við samþykkt fjölskylduráðs starfsskrá um frístundaheimili og samþykkt fjölskylduráðs.
- Sérstaklega skal huga að því að auka framboð á valmöguleikum fyrir 3. og 4 bekk sem höfða til þess aldurshóps.

Átak um læsi

Aðstaða á frístundaheimilum skal taka mið af læsisátaki enda er það mikilvægasta verkefni fyrstu ára grunnskóla að festa lestrarfærni í sessi.

Frístundaheimili skulu hafa til umráða aðstöðu til lesturs sem hluta af starfsemi sinni og aðgang að skólabókasöfnum í því skyni.

Heimanám skal vera valmöguleiki á frístundaheimilum.

Samvinna við íþróttafélög

- Tekin verði upp samvinna við íþrótt- og tómstundafélög í bænum eftir því sem við verður komið og leitast við að hluti af æfingum barna í 1. til 4. bekk verði á starfsstíma frístundaheimila eða í beinu framhaldi
- Kynning á skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi verði markviss og hluti af starfsskrá frístundaheimila.

Stuðningur

- Mat á þörf á frekari stuðningi við nemendur á frístundaheimilum verði unnið af proskapjálfa/fagaðila. Matið verði óháð stuðningi við nemendur á skólatíma.

Fagleg yfirsstjórn

- Fagleg yfirstjórn frístundaheimila skal vera á höndum fagstjóra frístundaheimila sem starfar undir stjórn fjölskylduráðs.
- Starfsemi frístundaheimila skal styðja við gildandi starfskrá og verklag viðkomandi grunnskóla og vera samþætt eins og kostur er.
- Heimilt er að yfirumsjón (daglegur rekstur) frístundaheimila geti verið á höndum:
 - Fjölskylduráðs (Núverandi fyrirkomulag)
 - Skólastjórnenda (samkvæmt þjónustusamningi)
 - Íþrótt- og tómstundafélaga innan Í B H (samkvæmt þjónustusamningi)

Aðstaða

- Frístundaheimili sem rekin eru í skólastofnunum skulu hafa þar aðstöðu í skólastofnunum í samræmi við samþykkt fjölskylduráðs.
- Aðstaða skal vera:
 - Sérými, skilgreint í hverri stofnun í samræmi við samþykkt um frístundaheimili
 - Aðgangur að sameiginlegu rými í samræmi við samþykkt um frístundaheimili
 - Aðgangur að bókasafni grunnskóla í tengslum við læsisátak grunnskóla.
 - Aðgangur að sérgreinastofum eftir að skipulögðu skólastarfi lýkur
 - Aðgangur að íþróttahúsum grunnskóla eftir að skipulögðu skólastarfi lýkur

Fasteignafélagi Hafnarfjarðar verði falið að gera rýmisúttekt á núverandi aðstöðu frístundaheimila og skila skýrslu þess efnis fyrir 1. júní næstkomandi. Hjóðvist verði hluti af þeirri úttekt.

Samráð milli fagaðila

- Góð samvinna og samfella í miðlun og upplýsingagjöf
- Fullt samráð skal vera milli forráðamanna skóla og fagstjóra frístundaheimila og öll miðlun upplýsinga skal vera vel skilgreind og í samræmi við reglur um trúnað

Fyrirkomulag skráningar, verð og greiðslufyrirkomulag

- Frístundaheimili er ekki lögboðin þjónusta sveitarfélagsins en hefur fest sig í sessi sem mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna
- Verðskrá frístundaheimila skal vera auglýst fyrir 15. júní ár hvert.
- Skráning barna í frístundaheimili skal vera fyrir 1. júlí ár hvert og miðast við annafyrirkomulag, þ.e. Fyrir jól og eftir jól.
- Annafyrirkomulag á skráningu gefur möguleika á að auka við faglega þætti í starfsemi frístundaheimila og bætir skipulag.



FRÍSTUND

GRUNNSKÓLAR HAFNARFJARÐAR
TILLAGA STARFSHÓPS UM BREYTINGAR Á STARFSKRÁ
OG SAMÞYKKT UM FRÍSTUNDAHEIMILI
2015

Hafnarfjarðarbær